

MIKIL ÁSÓKN Í LÁN

Undanfarin misseri hefur verið talsverð aukning í lánum til sjóðfélaga, enda eru lánskjör samkeppnishæf við það besta sem gerist í langtímalánum til einstaklinga. Á milli árána 2014 og 2015 ríflega tvöfölduðust útlán og á árinu 2016 heldur aukningin áfram.

Það getur reynst tímafrekt að afla gagna og ganga frá umsókn lána. Þess vegna er þeim sem vilja sækja um lán bent á að gera ráð fyrir því og panta tíma hjá ráðgjafa á www.almenni.is.



DAUFUR FYRRI HÁLFLEIKUR

Fyrri helmingur ársins 2016 einkenndist af óhagstæðri þróun á verðbréfamörkuðum erlendis og héraendis. Þá hefur krónan styrkst á árinu sem veldur því að erlendar eignir í krónum lækka. Til skemmri tíma má alltaf búast við sveiflum í ávöxtun og óhagstæðum tímabilum. Það sem mestu máli skiptir er að langtímaávöxtun hefur verið góð hjá sjóðnum.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almenni.is

ALMENNI Í SJÓNVARPI

Í maí og júní birti Almenni í fyrsta sinn auglýsingar í sjónvarpi. Auglýsingarnar mæltust vel fyrir og þóttu skýra vel sérstöðu sjóðsins. Þá var gerður heimildarþáttur um starfsemi sjóðsins sem var sýndur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í febrúar. Áhugasamir geta séð auglýsingarnar og horft á þáttinn á heimasíðu sjóðsins.



BERÐU LAUNASEÐLA SAMAN VIÐ YFIRLIT


Almenni lífeyrissjóðurinn sendir sjóðfélögum nú yfirlit sem sýnir hreyfingar frá 1. janúar til 30. júní 2016 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Það er góð regla að bera saman launaseðla og yfirlit til að athuga hvort iðgjalda-

greiðslur á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyris-sjóðsins. Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510-2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is. Athugið að ekki er óeðlilegt að iðgjöld fyrir júní séu greidd í lok júlí.

GÓÐUR VEFUR - MINNI PAPPÍR

Sjóðfélagavefur Almenna hefur hlotið frábærar viðtökur enda markar hann tímamót í lífeyrisþjónustu. Vefurinn hefur einnig vakið athygli erlendis og var valinn meðal bestu nýjunga ársins í lífeyrisþjónustu hjá fagtímaritinu European Pensions.

Sérstakt átaksverkefni stendur yfir út árið 2016 þar sem sjóðfélagar eru hvattir til að nota vefinn og afþakka yfirlit í pósti. Einn heppinn sjóðfélagi sem afþakkað hefur pappír fær iPad Pro í lok árs.



FRÆÐSLUFUNDIR

Á næstunni stendur Almenni fyrir eftirfarandi fræðslufundum:

Ávöxtun og horfur

Borgartúni 25, fimmtudaginn 27. október kl. 8:30

Hvernig virkar sjóðfélagavefurinn?

Borgartúni 25, fimmtudaginn 10. nóvember kl. 8:30

Fræðslufundirnir verða auglýstir nánar á heimasíðu sjóðsins og með fundarboði til þeirra sem eru á póstlista.



TIL ÞJÓNUSTU REIÐUBÚIN

Sjóðfélagar geta nýtt sér þjónustu sjóðsins á ýmsan hátt.

Skrifstofa sjóðsins, Borgartúni 25, Reykjavík, er opin virka daga frá kl. 9-16 og geta sjóðfélagar komið og hitt ráðgjafa sjóðsins, hringt í síma 510-2500 eða sent tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is.

Stöðufundir eru metnaðarfull þjónusta sem er í boði fyrir sjóðfélaga Almenna. Fundirnir eru einkafundir með ráðgjafa þar sem sjóðfélagar fá heildarmynd af stöðu lífeyrismála sinna. Stöðufundi þarf að panta fyrirfram.

Hægt er að panta viðtöl, senda fyrirspurnir og finna fræðslugreinar, fréttir og gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál á heimasíðu okkar www.almenni.is

